



Helena Guðlaug Bjarnadóttir hóf söngnám við Tónlistarskólann á Akureyri árið 1999 og lauk framhaldsprófi þáðan vorið 2004. Kennarar hennar voru Michael J. Clarke, Sigríður Elliðadóttir og Sigríður Aðalsteinsdóttir. Hún söng ýmis hlutverk í uppfærslum söngdeildar, m.a. Grétu í Hans og Grétu eftir Humperdinck, Belindu í Dido og Aeneas eftir Purcell og Paminu í Töfraflautunni eftir Mozart. Helena hefur komið fram við ýmis tækifæri sem einsöngvari með kórum á svæðinu, Sinfóníuhljómsveit Norðurland og haldið tónleika hjá Tónlistarfélagi Akureyrar, Sumartónleikum Akureyrarkirkju, Hóladómkirkju og Mývatnsveitar. Helena hefur sótt einkatíma hjá Sigríði Aðalsteinsdóttur, Sigrúnu Hjálmtýsdóttur og Jóhönnu Halldórsdóttur, námskeið hjá Ryland Davies og Mörtu Halldórsdóttur og tekið þátt í óperunámskeiði á Rimum í Svarfaðardal. Helena er meðlimur í Kammerkórnum Hymnodíu og árið 2012 söng hún hlutverk Dido í uppfærslu kórsins á verkinu. Ásamt því að vera starfandi söngkona, hefur Helena starfað við Tónlistarskólann á Akureyri frá árinu 1999 við píanókennslu og með leik en hún er menntaður píanókennari frá Tónlistarskólanum í Reykjavík.